

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2672  
komudagur 4.6.2010



**Krabbameinsfélagið**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2010

**Umsögn – frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 44/2002 um geislavarnir,  
með síðari breytingum (þings. 933).**

Krabbameinsfélagið þakkar fyrir að fá ofangreint frumvarp til umsagnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Krabbameinsskrá Krabbameinsfélagsins greinast hér á landi að meðaltali 50 manns á ári með sortuæxli í húð og 60 með önnur illkynja húðæxli. Tíðni sortuæxla hefur tvöfaldast á einum áratug. Krabbameinsfélagið hefur lengi vakið athygli á þessari uggvænlegu þróun og viljað bregðast við henni.

Fyrir sex árum tók félagið upp samstarf við nokkra aðila undir slagorðinu „Hættan er ljós“. Aðaláherslan hefur verið lögð á að vara við að fermingarbörn fari í ljós. Þetta átak skilaði verulegum árangri fyrstu árin en miðað við þá takmörkuðu fjármuni sem eru til ráðstöfunar er líklegt að erfitt sé að ná mikið lengra.

Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að ljósabekkjjanotkun, ekki síst á unglingsárum, eykur líkur á krabbameini í húð. Þess vegna lýsir Krabbameinsfélagið eindregnum stuðningi við frumvarp sem bannar þeim sem eru yngri en átján ára að fara í ljós, enda er það í samræmi við tilmæli alþjóðastofnana, læknasamtaka og fleiri.

Ragnheiður Haraldsdóttir  
forstjóri Krabbameinsfélags Íslands